

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Sólveig Olga Sigurðardóttir <solveig@utu.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 1. febrúar 2024 09:51  
**To:** Hulda Kristjánsdóttir  
**Subject:** 2110056 - Fyrirspurn um nýtt staðfang, Tungusel úr landi Seljatunga L165496

Sæl Hulda

Mig langar að athuga hvort þið gætuð tekið nýtt staðfang fyrir á fundi sveitarstjórnar 6. febrúar nk.

Þetta er mál sem er annars búið í ferli hér hjá okkur og kom upprunalega inn með öðru staðfangi (Seljatunga 2) en átti að vera **Tungusel**. Það fórst fyrir að taka þetta fyrir á fundi skipulagsnefndar í síðustu viku og það væri gott að geta komið þessu frá því annars er svo langt í næsta fund hjá ykkur. Í vefuppfletti fasteignaskrár HMS er ekki að finna þetta staðfang í Flóahreppi.

Hér er bókun sveitarstjórnar þegar málið var tekið fyrir:

### Stofnupplýsingar

Heiti : Afgreiðsla sveitarstjórnar Flóahrepps 8.2.2022,

Málsnúmer : 2110056

Málsaðili : Herdís Erna Gústafsdóttir

Athugasemd : Lögð er fram umsókn frá Herdísí Ernu Gústafsdóttur þar sem óskað er eftir staðfestingu á afmörkun jarðarinnar Seljatunga skv. Hnitsettri mælingu sem ekki hefur legið fyrir áður. Jafnframt er óskað eftir stofnun nýrrar 13,87 ha landeignar, Seljatunga 2.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun jarðarinnar og stofnun landeignar skv. fyrirliggjandi umsókn með fyrirvara um umsögn Vegagerðarinnar, lagfæringu á gögnum og samþykki eigenda aðliggjandi landeignar fyrir hnitsettri afmörkun. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Lögð fram umsókn um staðfestingu á afmörkun jarðarinnar Seljatunga L165496 skv. hnitsettri mælingu. Einnig lögð fram umsókn um stofnun nýrrar 13,87 ha landeignar sem fengi heitið Seljatunga 2.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir afmörkun jarðarinnar og stofnun 13,87 ha landeignar með fyrirvara um samþykki Vegagerðarinnar, lagfæringu á gögnum og samþykki eigenda aðliggjandi landeignar fyrir hnitsettri afmörkun. Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við nafnið Seljatunga 2 á nýrri landspildu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Endilega láttu mig bara vita hvort þetta sé hægt, annars merki ég þetta mál fyrir næsta fund hjá okkur.

*Með bestu kveðju,*  
Sólveig

---

Sólveig Olga Sigurðardóttir  
Aðstoðarmaður skipulagsfulltrúa



Umhverfis- og  
tæknisvið Uppsveita

Dalbraut 12, 840 Laugarvatni

Netfang: [solveig@utu.is](mailto:solveig@utu.is)

Veffang: [www.utu.is](http://www.utu.is)

Kortasjá Suðurlands: <https://www.map.is/sudurland/>

Náðu þér í [island.is](http://island.is) – appið